# Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Kynning á áherslum vinnuskólans og starfsemi hans fyrir sumarið 2024

**Kynning fyrir Lýðheilsuráð 13.febrúar**

Ólafur Bergur Ólafsson - Frístundaráðgjafi

# Starfsemi Vinnuskólans 2023

- Sumarstarf fyrir ungmenni í 8.-10. bekk.
- Markmiðið að hafa ungt fólk í virkni
- Einnig að þau læri ákveðin gildi og hvað þarf að hafa í huga þegar maður er ráðinn í vinnu.
- Vinnuskólinn er fyrst og fremst forvarnar og uppeldisverkefni.
- Árangur ekki mældur í hversu mörgum beðum hópurinn nær að hreinsa. (Hliðarafurð)
- Góður árangur ef vel tekst að stilla hópinn saman, efla jákvæða hegðun og að efla félagstengsl ungmenna.



# Tölfræði

- 640 starfsmenn (ungmenni, flokkstjórar, skrifstofa) - einn af stærstu vinnustöðum í Reykjanesbæ.
- 603 umsóknir af 820 skráðum grunnskólanemum (73.54%).
- 327 ungmenni í beinu starfi hjá Vinnuskólanum og 276 í starfi hjá samstarfsaðilum í gegnum Vinnuskólann.
- Háaleitisskóli með 54.3% af nemendum skráða á meðan Stapaskóli var með 85.5%, Flestir skólar í kringum 75%
- 28 samstarfsverkefni sem voru að meðaltali að taka 7-13 ungmenni á hvern stað.

# Samstarfsverkefni

- Samstarf Vinnuskólans við æskulýðs- og íþróttafélög, og ýmsar stofnanir í Reykjanesbæ. Þátttaka stofnana breytileg á milli ára.
- Gefur ungmennum (aðallega í 9. og 10. bekk) kost á að óska eftir fjölbrettum sumarstörfum sem tilheyra starfsemi Vinnuskólans.
- Samstarfsverkefnin voru 28 talsins sumarið 2023.
- Áhersla lögð á góð samskipti milli stjórnenda verkefnana og stjórnenda Vinnuskólans. Góð eftirfylgni yfir sumarið.

# Samstarfsverkefni

| Að vinna með börnum | Íþróttafélögin | Annað |
|---|---|---|
| 1. Kofabyggð<br>2. Leikjaskóli Keflavíkur hjá Sindra<br>3. Leikjaskólinn Ásbrú hjá Hjördísi<br>4. Leikskólinn Akur<br>5. Leikskólinn Garðasel<br>6. Leikskólinn Gimli<br>7. Leikskólinn Holt<br>8. Leikskólinn Stapaskóli<br>9. Leikskólinn Tjarnarsel<br>10. Leikskólinn Völlur<br>11. Listaskóli barna<br>12. Listasmiðja Reykjanes/Fjörheima<br>13. Sport og ævintýraskóli Andrésar<br>14. Ævintýrasmiðja | 1. Golfklúbbur Suðurnesja<br>2. Knattspyrnudeild Keflavíkur<br>3. Knattspyrnudeild Njarðvíkur<br>4. Körfuknattdeild Keflavíkur<br>5. Körfuknattdeild Njarðvíkur<br>6. Reiðskóli Mána<br>7. Sundráð ÍRB<br>8. Taekwondo | 1. Bókasafn Rekjanesbæjar<br>2. Dósasel<br>3. Hunda og kattahótel Ásbrú<br>4. Keflavíkurkirkja<br>5. KFUM og KFUK<br>6. Ungmennaráð Reykjanesbæjar |

# Heilsa og ánægja starfsfólks

- **Vinnuskólinn leggur áherslu á að stuðla að góðri líðan og heilsu starfsfólks.**
    - Föstudagsfundir og ánægjukönnun, starfsánægja 9.46 af 10.
    - Áhrifaþættir starfsánægju: veðurfar og krefjandi samskipti við ungmenni.
- **Algengt er að starfsfólk starfi hjá Vinnuskólanum í að lágmarki 2 sumur og í allt að 4-5 sumur.**
    - Starfsánægja og upplifunin sem starfsfólk tekur með sér úr sumrinu skiptir miklu máli í ákvörðun fólks um að koma aftur til starfa að ári liðnu. Starfsaldur og reynsla er dýrmæt í þessu starfi.



# Virkni, forvarnir og fræðsla

- **Virkni**
  - Jákvæð stjórnun og hvatning í daglegu starfi, ungmenni í rútínu yfir sumarið með jákvæðar fyrirmyndir á vinnutíma sem hvetja bæði til virkni í vinnu sem og í frístundum. Eftirfylgni ungmenna hvað varðar mætingu og samskipti við forsjáraðila í tengslum við það.
- **Forvarnir**
  - Reglur og viðmið Vinnuskólans sem stuðla að heilbrigðara líferni. Forvarnardagurinn sem stuðlar að bættri athygli og skynsemi ungmenna í umferðinni.
- **Fræðsla**
  - Fræðsludagur ungmenna þar sem farið var yfir fjármál, samskipti og samfélagsmiðla, barnavernd og grunnatriði Vinnuskólans/atvinnulífsins.

# Fræðsludagur ungmenna

Samskipti, barnavernd, inngangur að vinnuskólanum og fjármálafræðsla






# Forvarnardagur/ rafhlaupahjól/vespur

Áhersla lögð á að fara yfir hvernig hægt er að stuðla að bættu öryggi á rafhlaupahjólum, vespum og hjólum í umferðinni.





# Viðburðasmiðja Fjörheima

Fjölbreytt sumarstarf þar sem ungmenni sem hafa verið virk í starfi Fjörheima halda fjölbreytta viðburði fyrir börn og ungmenni









# Ungmenni með sértækar stuðningsþarfir

## Hvernig stöndum við okkur með þann hóp?

- **Sérþarfir og sértækar stuðningsþarfir**
  - Sérþarfir: tímabundnar líkamlegar eða andlegar áskoranir, t.d. sjúkdómar, meiðsli, þunglyndi eða kvíði.
  - Sértækar stuðningsþarfir: Þroskafrávik, einhverfa, ADHD - langtíma stuðningsþarfir.
- **77** ungmenni með skráðar sérþarfir eða sértækar stuðningsþarfir í umsókn
  - 15-20 þeirra hefðu þurft að fá **sérstakan stuðning** til að þörfum þeirra yrði mætt.
  - Við gátum ráðið tvo starfsmenn og gátum því stutt við **8** ungmenni sérstaklega
  - **12** ungmenni voru því án stuðnings í sumar og gekk það misjafnlega

# Sumarið 2023 - tilraunaverkefni

Erfiður hópur í einum skólanum, vond orðræða, erfið samskipti og margir krefjandi einstaklingar

Fórum “back to basics” - kynjaskiptum hópnum og vorum með minni hópa í staðinn. Mismunandi verkefni fyrir mismunandi hópa.

Gekk mjög vel, - Sömu flokkstjórar með hópinn 2022 og svo 2023 - mikill munur að þeirra sögn.

Strákarnir voru duglegari og stelpurnar gátu einbeitt sér betur og það myndaðist góð heild innan hópanna sem voru síðan sameinaðir þegar lengra dró á sumarið. Þá var auðveldara að vinna öll saman.

# Sumarið 2024 - tilraunaverkefni

**Ánægjuvog ungmenna** - þróa einhverskonar könnun/verkfæri sem mælir ánægju ungmenna í starfi hjá vinnuskólanum og gefur þeim tækifæri á að senda endurgjöf nafnlaust til skrifstofu vinnuskólans,

**Hópastærð og fjöldi flokkstjóra -** Prófa okkur áfram með hópastærð og fyrirkomulag. Mögulega næst meiri árangur með fleiri minni hópa og þá þarf að fjölga aðeins flokkstjórum eða skoða öðruvísi útfærslu.

**17. ára hópurinn (ungmenni fædd 2007) -** Vitum að mörg ungmenni á þessum aldri eiga í erfiðleikum með að fá sumarstörf, sérstaklega þau sem ekki eru komin með bílpróf. Hægt að bjóða þeim fjölbreyttari og flóknari sumarstörf, (aðstoðarflokkstjóri) Samfélagsmiðla og markaðsstarf hjá RNB o.s.frv. mögulega hægt að nýta þau í að styðja við ungmenni með sértækar stuðningsþarfir.

# Spurningar?


9&10 Akur


8. og 9. bekkur
Heiðarskóli


9. og 10. bekkur
Heiðarskóli
8. bekkur Holtaskóli